

Reglur um fjárhagsaðstoð á vegum Dalvíkurbyggðar

1. KAFLI Almenn atriði

1.gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar

Skylt er að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Gefa skal sérstakan gaum að fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum barnafjölskyldna og meta sérstaklega þarfir barna vegna þátttöku þeirra í þroskavænlegu félagsstarfi, í samræmi við 30. grein laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarféлага, og kanna rétt til aðstoðar samkvæmt öðrum lögum, þ.m.t. lögum um námsstyrki. Einstaklingar 18 ára og yngri, eiga alla jafna ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálaráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Framfærsluskylda

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim sem sækir um aðstoð skv. reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því.

Fólk sem er í skráðri sambúð í Þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í Þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19.gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi sem metinn er vinnufær, ekki sýnt virkni í atvinnuleit, hafnað atvinnutilboði eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa eða verið settur á bið hjá Vinnumálastofnun er heimilt að greiða honum allt að hálfu grunnupphæð til framfærslukostnaðar sbr. 10.gr. reglna þessara þann mánuð og mánuðinn þar á eftir.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili

Einstaklingar með lögheimili í Dalvíkurbyggð geta sótt um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum. Þurfi fólk á skyndilegri aðstoð að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð er að jafnaði veitt sem styrkur. Einungis skal fjárhagsaðstoð veitt sem lán óski umsækjandi þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna. Skal þess sérstaklega getið í skriflegri skuldarviðurkenningu með hvaða hætti og hvenær lánið skuli endurgreitt. Lán eru vaxtalaus. Við endurkröfu lánsins skal leitast við að koma lánþega ekki í þá stöðu að hann geti ekki séð sér og sínum farborða. Ekki skal veita nýtt lán ef eldra lán er í vanskilum. Ákvörðun um að breyta láni í styrk eða skuldbreyta láni skal tekin af félagsmálaráði.

Heimilt er að veita neyðaraðstoð til umsækjanda, án þess að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir.

Neyðaraðstoð skal koma til frádráttar fjárhagsaðstoðar sem síðar kann að verða veitt.

Neyðaraðstoð getur ekki numið hærri upphæð en 25% af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði og er aðeins heimilt að veita slíka aðstoð einu sinni í mánuði. Starfsmönnum er heimilt að meta upphæðir neyðaraðstoðar í hverju máli fyrir sig, þó skal upphæð aldrei vera hærri en 25% af grunnfjárhæð.

Fjárhagsaðstoð telst til skattskyldra tekna. Um frádrátt staðgreiðslu vísast til laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Umsækjandi skal tilkynna um nýtingu skattkorts með sannarlegum hætti áður en fjárhagsaðstoð er innt af hendi.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni

Fjárhagsaðstoð skal að öllu jöfnu greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil. Móttaka umsóknar um fjárhagsaðstoð til framfærslu ákvarðar fyrir hvaða mánuð umsókn gildir. Í þeim tilvikum sem fjárhagsaðstoð hefur verið veitt samfellt í 6 mánuði skal leggja málið fyrir félagsmálaráð.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann

Fjárhagsaðstoð er ekki skylt að veita aftur í tímann, jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á aðstoð en ekki leitað hennar. Félagsmálaráð Dalvíkurbyggðar getur í undantekningartilvikum samþykkt að aðstoð skuli greidd að hámarki 3 mánuði aftur í tímann. Eigi umsækjandi rétt á fjárhagsaðstoð gildir rétturinn frá þeim tíma sem umsókn var móttækin og öll gögn hafa borist.

II. KAFLI

Umsóknir um fjárhagsaðstoð

8. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Sótt skal um fjárhagsaðstoð í gegnum íbúagátt Dalvíkurbyggðar. Í neyðartilfellum er heimilt að leggja umsókn fram í dvalarsveitarfélagi, sbr. 4 gr. Við mat á beiðnum um fjárhagsaðstoð skulu eftirtalin gögn liggja fyrir:

- a) Umsókn skal skilað inn rafrænt í gegnum íbúagátt Dalvíkurbyggðar. Umsókn skal undirrituð á sérstakt umsóknareyðublað, þar sem fram koma upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur, eignir, skuldir, atvinnu, húsnæðisaðstæður, lögheimili, ríkisfang og dvalarstað.
- b) Umsókn skal fylgja staðgreiðslufirlit umsækjanda og maka ef við á. Umsækjandi skal skila staðfestu afriti af síðasta skattframtali umsækjanda, maka hans eða sambúðaraðila eigi það við.
- c) Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann skrá sig hjá Vinnumálastofnun og leggja fram staðfestingu þess efnis ásamt staðfestingu á réttindastöðu sinni hjá Vinnumálastofnun og greiðslu bóta.
- d) Umsækjandi skal sýna fram á virka atvinnuleit á Íslandi hafi umsækjandi hvorki skráð sig hjá Vinnumálastofnun né sýnt virkni án viðhlítandi skýringa missir hann hlutfallslega rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil.
- e) Starfsmenn geta, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um umsækjanda, m.a. hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum. Skal það gert í samráði við Umsækjanda. Heimilt er að hafna aðstoð ef umsækjandi neitar leyfis.
- f) Skila skal læknisvottorði sé umsækjandi óvinnufær.
- g) Hafi umsækjandi nýlega slitið hjúskap eða sambúð skal leggja fram vottorð Sýslumanns því til staðfestu sem og samkomulag um skiptingu eigna og skulda, sé um það að ræða.
- h) Umsækjendum ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.

Víkja má frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna sé um rökstutt neyðartilvik að ræða. Ef umsækjandi skilar ekki viðeigandi gögnum um fjárhag sinn eða maka síns, ef við á, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

III. KAFLI.

Réttur til fjárhagsaðstoðar

9. grein

Mat á fjárförf

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal grunnfjárförf til framfærslu, sbr. 10. gr. lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur sbr. 11. gr. Tekið skal tillit til sérstakra aðstæðna eftir því sem við á, sbr. reglur þessar.

10. gr.

Upphæð fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds. Sjá gjaldskrá félagsmálasvið á heimasíðu Dalvíkurbyggðar. Framfærslugrunnur vegna einstaklinga hefur stuðulinn 1,0 en vegna hjóna og fólks í sambúð stuðulinn 1,6. Upphæð fjárhagsaðstoðar breytist í janúar

ár hvert samkvæmt samþykkt félagsmálaráðs hverju sinni og almennt með hliðsjón af hækkun neyslúvísitölu milli ára nema annað sé ákveðið.

Mat á fjárhagsaðstoð er óháð því hvort barn eða börn búa á heimilinu. Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að aukalegur kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum ef við á.

Við ákvörðun grunnfjárhæðar eru hafðar til hliðsjónar greiðslur almannatrygginga á hverjum tíma sem nema samanlagðri mánaðargreiðslu örorkulífeyris, tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og heimilisuppbótar.

Þegar umsækjandi býr í foreldrahúsum, hjá ættingjum eða öðrum, sem ætla má að taki þátt í framfærslu viðkomandi með beinum eða óbeinum hætti, getur numið allt að 50% af grunnfjárhæð. Hafi einstaklingur, sem fellur undir ofangreint, forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð full grunnfjárhæð.

Kostnaði vegna húsnæðis er mætt með húsaleigubótum ef fólk leigir á frjálsum markaði og vaxtabótum hjá fólki sem hefur keypt sér íbúð.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar til framfærslu nema fullnægt sé skilyrðum 15. gr. um námsstyrki/lán vegna náms.

Einstaklingar sem afplána fangelsisdóm eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð á meðan þeir sitja í fangelsi.

Einstaklingar yngri en 18 ára eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

11. gr.

Tekjur umsækjanda/maka

Allar tekjur einstaklingsins og maka ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar skattskyldar tekjur einstaklingsins og maka, sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá. Heimilt er að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaðar vegna einstaklinga sem eru að ljúka endurhæfingu og hafa fengið greiddan endurhæfingarlífeyri frá TR fyrsta mánuðinn eftir að greiðslu líkur.

Til tekna telst:

- Atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaganna, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsbætur, leigutekjur, fjármagnstekjur o.s.frv.
- Framlag til menntunar eða starfsþjálfun samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 sem ungmenni 18-20 ára kunna að fá.
- Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna hvort sem hann hefur skráð sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

12. gr.

Eignir umsækjanda/maka

Eigi umsækjandi eða maki hans eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð.

Undanþegið þessu er ef eignir teljast sannanlegar til að gera viðkomandi kleift að stunda atvinnustarfsemi sem leiða mun til þess að hann verði sjálfbjarga og skal þá félagsmálaráð Dalvíkurbyggðar fjalla sérstaklega um málið.

13. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og einstaklingar í hlutastörfum

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskyldu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur sinn og tilkynnt skattayfirvöldum um það. Einnig er það skilyrði að þeir hafi sótt um atvinnuleysisbætur í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006

Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá Vinnuálastofnun og leiti að fullu starfi en framvísi ella læknisvottorði.

IV. KAFLI

Heimildir til fjárhagsaðstoðar vegna sérstakra aðstæðna

14. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns, skólamáltíðir, frístund, og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 30% af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði.

Námsstyrkur: Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 6 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.

Fæðingarstyrkur: Heimilt er að veita fæðingarstyrk til foreldra sem eru að eiga sitt fyrsta barn og eru með tekjur á eða undir grunnfjárhæð og hafa átt við félagslega erfiðleika að etja. Aðstoðin er hugsuð til þess að kaupa útbúnað vegna barnsins. Hámarks aðstoð er 50% af grunnfjárhæð einstaklings.

Fermingarstyrkur: Heimilt er að veita fermingarstyrk til foreldra, sem eru með tekjur á eða undir grunnfjárhæð, sem nemur 50% af grunnfjárhæð einstaklings.

15. gr Námsaðstoð

Framfærslu í námi á framhaldsskólastigi er heimilt að veita til einstaklinga frá 18 ára aldri sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna mikilla eða langvarandi félagslegra erfiðleika og eiga ekki rétt á framfærslu frá öðrum aðilum. Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu skv. 5.gr. Alla jafna er um að ræða fullt nám á hverri önn.

Einstaklingsáætlun skal liggja fyrir þar sem markmið með námi koma fram, hvernig skuli staðið að skilum varðandi skólasókn, námsframvindu og einkunnir. Skila þarf mætingarvottorði mánaðarlega og námsframvindu í annarlök. Miðað skal við að námið leiði til starfsréttinda eða þess, að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Heimilt er að greiða skólagjöld og bókakostnað aukalega við framfærslu, allt að 40% grunnfjárhæðar. Greitt er gegn framvísun greiðslukvittana.

Greiðslur frá TR sem nefnast framlag vegna menntunar ungmenna og/eða barnalífeyrir vegna náms sem umsækjandi kann að fá reiknast honum til tekna. Einnig launatekjur ef við á.

16. gr. Sérstakir styrkir

a) Húsbúnaðarstyrkur:

- til einstaklings sem hefur tekjur við eða undir grunnfjárhæð, er eignalaus og er að hefja búsetu í fyrsta sinn eða eftir endurhæfingu eða dvöl á stofnun.
- til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem er eignalaust, með tekjur við eða undir grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.
- Þegar rýma þarf íbúð af heilbrigðisástæðum

Hámarksaðstoð er sama og grunnfjárhæð einstaklingsins. Húsbúnaðarstyrkir greiðast einu sinni. Greitt er gegn framvísun sundurliðaðra greiðslukvittunar.

- Hátíðarstyrkur/jólastyrkur/fermingarstyrkur getur numið allt að 50% af grunnaðstoð einstaklingsins og að öllu jöfnu aðeins veitt þeim sem eiga við sérstaka erfiðleika að etja og hafa verið undir eða á viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar undanfarna 3 mánuði.
- Greiðsluerfiðleikar: Heimilt er að veita fjárhagsaðstoð vegna greiðsluerfiðleika og til kaupa á nauðsynjum, svo sem gleraugum, fatnaði, heyrnatækjum, öryggishnapp og öðrum hjálpartækjum sem Tryggingarstofnun ríkisins tekur ekki þátt í að greiða. Hámarksstyrkur til er 50% af grunnfjárhæð.
- Heimilt er að veita einstaklingum í eftirtöldum aðstæðum fjárhagsaðstoð, til greiðslu viðtala hjá viðurkenndum meðferðaraðilum sem hafa starfsleyfi frá embætti landlæknis s.s. félagsráðgjöfum, sálfræðingum, geðlæknum, áfengis- og vímuefnaráðgjöfum
 - einstaklinga sem búa við mikla og langvarandi erfiðleika
 - einstaklingum eða fjölskyldum sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum s.s. skyndilegum ástvinamissi og alvarlegu ofbeldi.

Að jafnaði skal veita aðstoð að hámarki 5 tíma í senn og hámarki 10 tíma á 12 mánaða tímabili.

- e) Styrkur til nauðsynlegra tannviðgerða fyrir fólk sem hefur átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða, eða hafa verið með tekjur við eða undir grunnfjárhæð sl. 6 mánuði. Hámarksstyrkur til tannviðgerða er 50% af grunnfjárhæð einstaklings. Kostnaðaráætlun tannlæknis skal ávallt fylgja með umsókn.
- f) Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar staðreynt hefur verið að dánarbúið geti ekki staðið undir útför hins látna. Útfararstyrkur getur numið allt að einn og hálfri grunnfjárhæð einstaklings.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk:

- Staðfest ljósrit af skattaframtali hins látna.
- Launaseðlar og greiðslufirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum.
- Staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks.
- Tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignayfirlýsingar, sbr. 25 gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða einkaskiptaleyfi útgefið af sýslumanni til erfingja skv. 31. gr., sbr. 28 gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl.

Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í.

Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns.

Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.

- g) Ábyrgð vegna húsaleigutryggingar. Heimilt er að veita ábyrgð vegna húsaleigutryggingar sem samsvarar þriggja mánaða leigu. Skilyrði er að viðkomandi hafi ekki aðgang að lánafyrirgreiðslu hjá bönkum eða lánastofnunum. Þinglýstur húsaleigusamningur skal liggja fyrir. Miða skal við að leigufjárhæð sé í samræmi við leigu á almennum leigumarkaði. Ábyrgð vegna leigutryggingar gildir í 1 ár.
- h) Heimilt er að greiða dvalarkostnað umsækjanda sem býr á áfangaheimili, í neyðarathvarfi eða á meðferðarheimili og veita fjárhagsaðstoð sem skal vera jafnhá ráðstöfunarfé samkvæmt skilgreiningu Tryggingarstofnunar á hverjum tíma. Dvalargjald og vasapeningur getur að hámarki numið grunnfjárhæð einstaklings og skal dvalargjald greitt beint til viðkomandi stofnunar. Skilyrði fyrir greiðslu dvalarkostnaðar er að viðkomandi stofnun sé með starfsleyfi. Fjárhagsaðstoð er einungis samþykkt ef umsækjandi er tekjulaus.
- i) Dvöl á viðurkenndri heilsustofnun í allt að sex vikur fyrir fólk sem býr við erfiðar félagslegar og/eða fjárhagslegar aðstæður og ekki á rétt á greiðslum frá stéttarfélagi, lífeyrissjóði eða öðrum. Við mat á slíku skal liggja fyrir læknisvottorð.
- j) Desemberuppbót sem nemur 10% af grunnfjárhæð einstaklings fyrir umsækjenda/umsækjendur, hafi þeir verið samfelld á fjárhagsaðstoð síðastliðna 3 mánuði. Heimilt er að taka sérstakt tillit til barna og veita sem nemur 10% af grunnfjárhæð einstaklings fyrir hvert barn.
- k) Vegna sérstakra erfiðleika/aðstæðna sem félagsmálaráð ákveður að veita aðstoð við.

V. KAFLI Málsmeðferð

17. grein

Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferð sbr. ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XV. og XVI. kafla laga um félagspjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

18. grein

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um fjárhagsaðstoð hefur borist. Starfsmenn félagspjónustu skulu taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Við afgreiðslu sérstakra styrkja skal málið lagt fyrir félagsmálaráðs á næsta fundi ráðsins.

19. grein

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmanns hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

20. grein

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

21. grein

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagspjónustu Dalvíkurbyggðar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

22. grein

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagspjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

23. grein

Rangar eða villandi upplýsingar

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi skjólstæðings er ætíð endurkræf og getur félagsþjónusta Dalvíkurbyggðar endurkrafið viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknar.

24. grein

Ákvarðanir

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum tekur félagsmálaráð Dalvíkurbyggðar, sviðsstjóri félagsmálasviðs, félagsráðgjafi og ráðgjafabroskaþjálfari sviðsins.

25. grein

Kynning á ákvörðun um fjárhagsaðstoð

Ráðgjafar félagsmálasviðs Dalvíkurbyggðar skulu kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að vísa ákvörðuninni til félagsmálaráðs Dalvíkurbyggðar. Beiðni um áfrýjun til félagsmálaráðs þarf að berast innan 4 vikna frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

26. grein

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs Dalvíkurbyggðar til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. lög nr. 85/2015. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

27. grein

Gildistaka

Reglur þessar eru byggðar á leiðbeiningum velferðarráðuneytisins varðandi reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð.

Samþykkt á 273. fundi félagsmálaráðs Dalvíkurbyggðar þann 10. október 2023. Vísað til afgreiðslu til sveitastjórnar sama dag.

Samþykkt á 362. fundi sveitastjórnar Dalvíkurbyggðar þann 7. Nóvember 2023.